

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Norðurbakka, vegna lóða nr. 3 g 5.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 12. maí 2009 breytingu á deiliskipulagi Norðurbakka vegna lóða nr. 3 og 5. Breytingin felst í því að fellt er niður stæði fyrir grenndargáma við norðausturhorn húss nr. 5 og innkeyrsla í bílakjallara Norðurbakka 3 er flutt til vesturs um það bil 7 metra. Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 24. júní 2009,*

**Málfríður Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. júlí 2009